

| Starfsstöð | Heimilisfang | Viðstaddir | | | |
|--|---|--|------------------|---------------|-----------|
| FE-1044 Laxar Fiskeldi ehf. (IS-36096) Reyðarfjörður | Reyðarfjörður (Gripaldi, Sigmundarhús, Bjarg) 730 Reyðarfjörður | Bárður Jóhann Arnaldsson Stöðvarstjóri Börkur Hrafn Nóason Stöðvarstjóri Sveinn Krisján Ingimarsson Gæðastjóri | | | |
| Tílfni | Eftirlit framkvæmt | Dagsetning skýrslu | Tímar við úttekt | Viðbótartímar | Yfirvinna |
| Reglubundin skoðun | 3.10.2019 | 11.10.2019 | 14,00 | 0,00 | 0,00 |

Skoðuð voru og tekin afstaða til 17 skoðunatriða af 17. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 6 skoðunatriðum, þar af 1 Alvarleg frávik og 5 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

15.11.2019

| Alvarleg frávik | Frávik |
|---------------------|---|
| 6.1.1 Mat á úrbótum | 3.1.1 Bátar og flutningstæki |
| | 3.1.3 Eldisbúnaður |
| | 3.3.1 Slyasleppingar |
| | 5.1.1 Skipulag, þekking og þjálfun starfsfólks |
| | 5.1.5 Innri úttekt - sannprófun sjókváeldisstöðva |

Aðrar athugasemdir

Farið var út á sjó og eldissvæðin Bjarg og Sigmundarhús skoðuð. Eftir skoðun á staðsetningum var gæðakerfi Laxa fiskeldis skoðað á Eskifirði.

Úrbætur á [alvarlegur fráviki](#) er veittur til 15. nóvember 2019

Úrbætur á öðrum athugasemdum sem fram komu í eftirlitinu þurfa að fara fram fyrir 10. janúar 2020

Rúnar Ingi Tryggvason starfsmaður Matvælastofnunar var einnig viðstaddur eftirlitið.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

Starfsstöð

Laxar Fiskeldi ehf. (IS-36096) Reyðarfjörður
Reyðarfjörður (Gripaldi, Sigmundarhús, Bjarg)
730 Reyðarfjörður
Staða: Í gildi
Kennitala: 6212051370

Starfsemi

ABP - Section IV - PROCP3 - Category 3 Processing plant
Frumframleiðsla - þáttur VI - AE - Áframeldi - 1

3 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

3.1 - Sjókvíaeldi

3.1.1 Bátar og flutningstæki

Frávik

Sett inn: 03.10.2019

1. Ekki er skrúfuhlíf á Polar Cirkel bát - Iðunn

2. Árabátur sem var um borð í pramma að Sigmundarhúsum er með utanborðsmótor sem er ekki útbúinn hlíf fyrir skrúfu

Allir bátar sem notaðir eru fyrir eldið þurfa að vera með hlíf fyrir skrúfu samkv. 20. gr. Reglugerð um fiskeldi.

Mynd 1



Mynd 2



3.1.3 Eldisbúnaður

Frávik

Sett inn: 03.10.2019

1. Stórt gat var fuglaneti á kví 8 að Sigmundarhúsum - mynd 3

2. Hoppnet lág á kvínni sem var til hliðar við lengjuna, auknar líkur á stroki fisks - mynd 4 og 5

Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3



3.3 - Slysasleppingar

37. gr og viðauki IV í reglugerð 1170/2015.

3.3.1 Slysasleppingar

Sett inn: 03.10.2019

Frávik

1. Uppfæra tilkynningarskyldu í viðbrögðum við slysasleppingu,

Samkv. 14. gr. 1937/149 Lög um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (áhættumat, úthlutun eldissvæða o.fl.). hefur eftirfarandi tilkynningarskylda breyst:

Rekstrarleyfishafi, sem hefur ástæðu til að ætla að hann hafi misst eldisfisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til **Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga.**

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

5.1.1 Skipulag, þekking og þjálfun starfsfólks

Frávik

Sett inn: 03.10.2019

1. Árlegur fundur um innihald gæðahandbókar og breytingar er ekki haldinn. Skrá skal þáttöku á fundi sem slíkum í þjálfunarskrá (eða önnur staðfesting á þáttöku). Einnig er gott er að skrá fundargerð um hvað fór fram á fundinum.

45. gr. og viðauki III í reglugerð 1170/2015.

Árlega skal halda fund með öllum starfsmönnum fiskeldisstöðvar þar sem farið er yfir innihald gæðahandbókar og kynntarbreytingar og nýjar áherslur sem gerðar hafa verið. Þáttöku skal skrá í þjálfunarskrá.

5.1.5 Innri úttekt - sannprófun sjókvíaeldisstöðva

Frávik

Sett inn: 03.10.2019

1. Ekki er til staðar aðferðarlýsing eða verkferill sem lýsir tilgangi sannprófunar, tíðni, markmiði, framkvæmdaraðila .

2. Ekki var til staðara úrbótaráætlun frá niðurstöðum sannprófunarinnar.

Sannprófun var gerð 4.4.2019

43. gr. Viðauki III í reglugerð 1170/2015.

6 - Úrbætur

6.1 - Úrbætur

6.1.1 Mat á úrbótum

Alvarlegt frávik

Sett inn: 03.10.2019

1. Árlegur fundur um innihald gæðahandbókar og breytingar er ekki haldinn.

45. gr. og viðauki III í reglugerð 1170/2015.

Hefur ekki verið lagað frá síðasta eftirliti sem var farið í 2018

Eftirfarandi skoðunaratriði voru skoðuð og reyndust í lagi

| | | |
|--|---|---|
| 2.1.1 Rekstrarleyfi | 2.1.2 Framleiðsluskýrsla | 2.1.3 Stöðvarskírteini sjókvíaeldisstöðva |
| 3.1.2 Fiskar | 3.1.4 Neðansjávar eftirlit | 3.1.5 Eldissvæði |
| 4.1.1 Dagbókarfærslur | 4.1.2 Sérákvæði fyrir sjókvíaeldisstöðvar | 5.1.2 Verklagsreglur sjókvíaeldisstöðva |
| 5.1.3 Viðbragðsáætlanir sjókvíaeldisstöðva | 5.1.4 Innra eftirlit sjókvíaeldisstöðva | |

Hjörtur Methúsalemsson
hjortur.methusalemsson@mast.is
séfræðingur í fiskeldi
5304800

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr.1170/2015 um fiskeldi. Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.